

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	20. nóvember 2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 15:00

Dátttakendur: Þóra Jónasdóttir (Yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Evaluation of a novel marine based alginate/cellulose product compared to industry standards in a Porcine (*Sus scrofa*) wound model.

Fyrir fundinum lá mat Þorvaldar Þórðarsonar og Þóru Jónasdóttur á umsókninni.

Á fundinn komu umsækjandi ásamt samstarfsmönnum. Kynntar voru forsendur tilraunarinnar, meðferð á dýrum og svöruðu þau spurningum ráðsins.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

b. Assening the Healing Potential of Autologous Adipose Tissue-Infused Fish Skin wiht the Adifuse Device in a Rat Excisional Wound Model.

Fyrir fundinum lá mat Þóru Jónasdóttur á umsókninni.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

c. Rannsóknir á sjúkdómum sem orsakast vegna stökkbreytinga í utangenaerfðakerfinu og hitastigsstjórnun spendýra.

Fyrir fundinum lá mat Þóru Jónasdóttir á umsókninni.

Afgreiðslu málsins er frestað og lagt fyrir umsækjanda að uppfæra umsókn sína. Setja þarf hana upp með skýrari hætti út frá aðgreindum rannsóknarþáttum og gera aðgengilegri til mats.

2. Áhrif skotelda á dýr, gleðin sem getur haft skelfingu í för með sér!

Upplýst var um mat sérgreinadýralæknis frá árinu 2019 um áhrif flugelda á dýr sem send hafi verið á sinum tíma til Umhverfisstofnunar. Settar hafa verið reglur um lægra sprengjumagn og takmarkanir á tímamörkum hvenær heimilt er að skjóta upp flugeldum.

Ályktun fagráðs um velferð dýra.

Dýralæknar og dýraeigendur þekkja vel til vandamála vegna skotelda. Nýleg könnun meðal gæludýraeiganda sýnir að meirihluti telur að dýr þeirra líði fyrir sprenginga skotelda. Gæludýr geta orðið mjög hrædd og samkvæmt gögnum frá lyfjabirgjum þá ávísa dýralæknar kvíðastillandi lyfjum í umtalsverðu magni til að gera sprengitímabilið léttbærara fyrir hunda. Sömuleiðis eru dæmi um að hestar jafnt á húsi sem útbeit verði skelfingu lostnir. Slys, vegna flóttu og jafnvel hrossasótt má íðulega rekja til þessa. Niðurstaðan er sú að margir hestaeigendur verða að vakta hesthúsin og fylgjast með útiganginum um áramótin. Einnig má rekja slys á fólki til þess að reiðhestar hafa fælst þegar sprengt er að degi til nálægt reiðleiðum. Að lokum má nefna að villt dýr verða líka fyrir áhrifum. Hollenskar og norskar rannsóknir sýna að fuglar leggja á flóttu og geta jafnvel þúsundfalt fleiri fuglar verið á flugi þar sem skoteldar hafa verið sprengdir. Fagráð minnir á að gæsir, endur og mávar fljúga hátt og lengi sem kostar fuglana mikla orku á tíma þar sem þeir þurfa að fara sparlega með hana.

*Fagráð um velferð dýra telur að frekari vitundarvakningar sé þörf fyrir almenning svo fólk átti sig á að gleðin hefur skelfingu í för með sér fyrir marga, bæði dýr og dýraeigendur. Vandamál er sömuleiðis notkun skotelda utan áramóta og þrettánda, þá gjarnan hjá börnum og unglingum. Þörf er að kynna sérstaklega fyrir þessum aldurshópum mögulegar afleiðingar þess sem virðist saklaus leikur. **Leggur fagráðið til að hagaðilar taki höndum saman núna í desember um að efla vitund almennings um áhrif skotelda** á öll dýr þannig að varlega verði gengið um gleðinnar dýr yfir hátíðarnar.*

Ákveðið að senda ályktunina á þar til bær yfirvöld.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður mánudaginn 16. desember 2024 kl. 13:15 - 15:00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.